

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 238, 4. apríl 2003, um eldi nytjastofna sjávar.

1. gr.

Við 21. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Dýralæknir fisksjúkdóma tilkynnir Fiskistofu um allar slíkar ákvarðanir.

2. gr.

Við 22. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Dýralæknir fisksjúkdóma tilkynnir Fiskistofu um þau tilvik sem notkun bóluafna og sýklalyfja hefur verið heimiluð.

3. gr.

23. gr. orðist svo:

Um innflutning fisks sem reglugerð þessi nær til fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 484, 2. júlí 2003, um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra og afurða þeirra.

Innflytjandi skal tilkynna Fiskistofu um innflutning skv. 1. mgr., áður en viðkomandi sending kemur í eldisstöðina.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 11. júlí 2003 og er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 33, 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júlí 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Snorri Rúnar Pálmason.*

## REGLUGERÐ

um stjórn hreindýraveiða.

### I. Yfirstjórn hreindýramála.

1. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem um ræðir í reglugerð þessari.

2. gr.

Nú telur umhverfisráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hætta af veiðum, og getur ráðherra þá heimilað veiðar og skal þeim hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.

3. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að hafa fyrir hönd umhverfisráðherra eftirlit með því að reglugerð þessari sé fylgt.